

Forseti kirkjuþings.

12. mars 2019.

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. febrúar 2019, þar sem óskað er umsagnar kirkjuþings um frumvarp til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið og lögum um 40 stunda vinnuviku (starfsemi á helgidögum), 549. mál.

Frumvarpið er til umfjöllunar hjá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Í þessu sambandi vill forseti kirkjuþings taka fram eftirfarandi:

Með bréfi dómsmálaráðuneytis til biskupsstofu, dags. 24. september 2018, leitaði dómsmálaráðherra umsagnar og tillagna kirkjuþings um frumvarpsdrög ráðuneytisins til breytingar á lögum um helgidagafrið nr. 32/1997.

Frumvarpsdrögin voru send kirkjuþingi þar sem þau vörðuðu kirkjuleg málefni sem ráðherra hugðist leggja fram á Alþingi, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Erindi ráðherra var lagt fram á kirkjuþingi 3. nóvember 2018. Þingið fól löggjafarnefnd þess að taka málið til efnislegar meðferðar. Nefndin fjallaði um málið á fundi 6. nóvember 2018 og gekk frá álitinu sem hún sendi þinginu.

Á fundi kirkjuþings 7. nóvember 2018 var nefndarálit löggjafarnefndar samþykkt sem ályktun þingsins sem skyldi send dómsmálaráðuneytinu.

Framangreint erindi nefndasviðs Alþingis var lagt fram á kirkjuþingi 2. mars 2019 og forseta þingsins falið að svara því.

Frumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi er breytt frá þeim frumvarpsdrögum sem kirkjuþing ályktaði um í nóvember 2018. Dómsmálaráðuneytið hefur orðið við ábendingum kirkjuþings og eru því engar athugasemdir gerðar nú við þetta frumvarp af hálfu kirkjuþings.

Fyrir hönd kirkjuþings,



Drífa Hjartardóttir,
forseti kirkjuþings.